



Fjölmeningarráð

Kosningar í Hverfið mitt 2023

Nú er kosning í lýðræðisverkefninu Hverfið mitt á fleygiferð og lýkur á miðnætti þann 28. september. Kosningin er rafræn og geta öll sem eru fædd árið 2008 eða fyrr og eiga lögheimili í Reykjavík tekið þátt. Til að geta kosið þarf að vera með rafræn skilríki í síma eða íslykil, atkvæðin eru dulkóðuð og kosningin því leynileg.

Það tekur stutta stund að taka þátt og einfalt að kjósa í snjallsímum, spjaldtölvu eða tölvu á www.hverfidmitt.is, þegar opnað hefur verið fyrir kosningu þann 14. september. Á vefsíðu Reykjavíkurborgar má nálgast [nánari upplýsingar um kosningarnar](#).

Til að auðvelda þátttöku íbúa sem ekki hafa íslensku sem fyrsta mál er vefurinn einnig á pólsku og ensku.

Aðstoð við að kjósa er hægt að fá í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, og hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar á meðan kosning stendur yfir.

Virðingarfyllt,
Eiríkur Búi Halldórsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa